

Prófessor Lambert lízt vel á stofnun heilsuhælis í Krýsuvík

Sjá á 8. síðu.

Norska stjórnin leggur áherzlu á sterkt verðlagseftirlit



Halvard M. Lange.

Viðtal við Halvard M. Lange utanríkisráðherra Norðmanna

„STERKT VERÐLAGSEFTIRLIT og fastur verðlagsgrundvöllur er orðinn knýjandi nauðsyn fyrir þjóðarafkomu“, sagði Halvard M. Lange utanríkismálaráðherra Norðmanna í viðtali við AB í gær; en í því skýrði hann blaðinu frá nýrri löggjöf um verðlagsmál og verðlagseftirlit, sem norska jafnaðarmannastjórnin er nú að undirbúa og hann taldi líklegt að yrði átakamál í kosningum, sem fram eiga að fara í Noregi næsta haust.

NAUÐSYN ÖFLUGS VERÐLAGSEFTIRLITS

„Aðaldeilumálið í kosningum, sem fram eiga að fara í Noregi næsta haust, verður án efa um frumvarp það til laga um verðlagseftirlit og verðlagsgrundvöll, sem ríkisstjórnin leggur fram í stórþinginu þann 12. september næst komandi.“ segir Lange. „Frumvarp þetta heimilar ríkisstjórninni viðtæk afskipti varðandi verðlag í landinu, vörudreifingu og framleiðslumál. Að undanfögnu hefur stjórnskipuð nefnd haft verðlagsmálin með höndum, eða um fjögurra ára skeið, og hefur starf hennar sætt vaxandi gagnrýni.

Sterkt verðlagseftirlit og fastur verðlagsgrundvöllur er orðinn knýjandi nauðsyn fyrir þjóðarafkomu, því að bæði er, að verðlag hefur farið hækkandi að undanfögnu, og allt útlit fyrir, að gjaldeyrisjöfnuðurinn við útlönd verði ekki eins gagnstæður framvegis og verið hefur.“

Framh. á 2. síðu.

Óhræddir við að vökna

NÝLEGA var skip nokkurt í höfninni í Vejle í Danmörku að því komið að sökkva, en var bjargað á síðasta augnabliki. Þó ekki fyrir en um 200.000 pottar af vatni voru komnir í það.

Skipið var eign byggingameistara nokkurs, Bertel Nielsen að nafni, og tilkynnti hann sakamála lögreglunni málið, er hann hafði rannsakað skipið. Það kom nefnilega í ljós, að málmþjófar höfðu stolið botnventlunum úr skipinu, en þeir voru í talsvert miklu verði! Hætt er við, að slíkt séu ekki bara strákapor!

Í GÆR kom til mikillar loftorrustu yfir Kóreu, Bandarískar orrustuflugvélar skutu niður 12 óvinaflugvélar af MIG gerð.



Járnmiður á ferðalagi. Í gærðag var unnið að því að flytja „Járnsmiðinn“, líkneski Ásmundar Sveinssonar, úr garði hans að iðnskólabyggingunni nýju, þar sem iðnsýningin verður opnuð á morgun; en eins og kunnugt er verður þetta listaverk Ásmundar tákmynd sýningarinnar og komið fyrir við dyr skólans. Það var vélsmiðjan Héðinn, sem annaðist flutning myndarinnar, en hún mun vega um þrjár smalestir. Myndin er tekin framán við iðnskólann, er komið var með hana þangað, og sést listamaðurinn, Ásmundur Sveinsson, við hlið hennar.

Verksmiðjusprenging drepur fjölda manns í Marseille

Í GÆR VARÐ ÓGURLEG sprenging í sápuverksmiðju í borginni Marseille á suðurströnd Frakklands. Tuttugu lík hafa þegar fundist, en yfir 20 manns er enn saknað og búist er fastlega við því að þeir hafi farist.

Sprengingin var svo ægileg, að rúður brotnuðu í húsum í kilometers fjarlægð frá verk

smiðjunni, en 40 hús í nágrenni við verksmiðjuna geryðilögðust svo að flytja varð íbúana á brott. Slökkvilið borgarinnar vann í heilan dag að reyna að slökkva eldana og hindra að eldurinn breiddist út. Um tíma var mjög óttast að eldurinn myndi komast í stóra benzíngeyma, sem stóðu nokkuð frá sápuverksmiðjunni. Verksmiðjan er geryðilögð eftir eldsvoðann. Engin tilkynning hefur verið gefin út um það, hvernig sprengin muni hafa orsakað.

Seretse Kama leyft að fara til Bechuanalands

SERETSE KAMA höfðingja Bechuana hefur nú verið leyft að hverfa aftur til þjóðar sinnar, en með þeim skilyrðum að hann afsali sér forráðarétti sín um og hverfi þangað sem óbreyttur borgarinn.

Eins og kunnugt er gerði brezka stjórnin Seretse útlæg an úr Bechuanalandi fyrir að giftast hvíttri konu í blóra við afrikönsk hjúskaparlög. Ekki er vitað hvort Seretse muni taka boðinu, en hann hefur dvalið í Englandi á útleðgar ár um sínum.

Brezka verkalýðs-sambandið á móti háum kaupkröfum

Á ÁRSPINGI brezka verkalýðssambandsins, sem nú stendur yfir í Margate var samþykkt ályktun stjórnar sambandsins þess efnis að meðlima félög samtakanna skyldu fara hóflega í kröfur sínar um kauphækkun.

Flutningsmaður ályktunartil lögunnar sagði í ræðu sinni, að sá væri tilgangur verkalýðs sambandsins að sjá hag brezkra verkamanna, sem bezt borgið og væri hann ekki eingöngu bundinn við stöðugar kauphækkningar. Benti hann á það að með hækkunum vinnulaunum hækkandi brezk vara í verði á heimsmarkaðinum, og þar sem Bretar þyrftu að auka Framh. á 8. síðu.

Ákvarðanir norræna utanríkisráðherrafundarins:

Norðurlönd styðja kosningu Danmerkur í öryggisráðið í haust.

Í OPINBERRI TILKYNNINGU, sem gefin var út um fund hinna norrænu utanríkismálaráðherra, að honum loknum í gær, er frá því skýrt, að samkomulag hafi orðið um að styðja kosningu Danmerkur í öryggisráðið á þingi sameinuðu þjóðanna í haust, í stað Hóllands, sem á að ganga úr ráðinu um áramót.

Ráðherrarnir ákváðu einnig að leggja það til, í trausti þess, að Ísland gerðist aðili að fyrirhuguðu Norðurlandaráði, að fyrsti fundur þess ráðs yrði haldinn í Kaupmannahöfn í ársbyrjun 1953.

Hin opinbera tilkynning um málaráðherrafundarins fer störf og niðurstöður utanríkis- orðrétt hér á eftir:

„Utanríkisráðherrar Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar komu saman til sameiginlegra viðræðna í Reykjavík dagana 3. og 4. september og ræddu aðallega ýmisleg mál, sem til umræðu verða á næsta allherjarþingi sameinuðu þjóðanna í New York.

Samkomulag varð um að styðja framboð Dana til öryggisráðsins; en þar verður Framhald á 7. síðu.

Jónatan Hallvarðsson kjörinn forseti hæstaréttar

JÓNATAN HALLVARÐSSON hæstaréttardómari hefur verið kjörinn forseti hæstaréttar frá 1. september 1952 til 1. september 1953.